

AUGLÝST EFTIR BÆJARLISTAMANNI KÓPAVOGS 2022

Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum eða ábendingum um bæjarlistamann Kópavogs.

Þeir listamenn koma einir til greina sem eiga lögheimili í Kópavogi.

Bæjarlistamaður Kópavogs skal vera tilbúinn til að vinna með Kópavogsbæ að því að efla áhuga á list og listsköpun í bænum og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi. Styrkupp hæð bæjarlistamanns er 1,5 milljónir króna.

Lista- og menningarráð fer yfir umsóknir og ábendingar. Í þeim skulu koma fram upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um með hvaða móti bæjarlistamaður hyggst auðga lista- og menningarlíf bæjarbúa.

HÆGT ER AÐ SENDA INN UMSÓKN EÐA ÁBENDINGU FYRIR 16. APRÍL Á NETFANGIÐ MENNING@KOPAVOGUR.IS.